



1176. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. september 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1175. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1175. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál

Ragnar Þór ræddi nýframkomið frjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem við höfum tjáð okkur um og óhætt að segja að séu vonbrigði. Vonandi hafa stjórnvöld fleiri tromp á höndum til að spila út í kjaraviðræðum sem eftir eiga að koma fram. Það hlýtur að vera meira til skiptanna.

Næst ræddi hann könnunina um kjarakröfurnar en niðurstöður liggja nú fyrir.

Stefán tók til máls og lagði fram skjalið *“Niðurstöður könnunar”* dags. 11.09 2018, og fór yfir helstu niðurstöður í könnuninni á slæðum. Kom fram að nánar verði farið í hvert atriði á vinnufundinum á morgun með trúnaðarmönnum og trúnaðarráði í Vatnsholti.

Umræður.

Ragnar Þór sagði frá væntanlegum fundi formanna aðildarfélaga SGS og LÍV um mögulegt samstarf í kjaraviðræðum en það er að frumkvæði stjórnar Eflingar. Óskaði hann eftir umboði stjórnar VR til að fara til þessara viðræðna fyrir okkar hönd.

Samþykkt.

Næst sagði hann frá fundi með Peningastefnunefnd ríkisins ásamt formönnum stærstu félaga. Kom þar fram að Gylfi Zoega skildi ekki afhverju væri óánægja í þjóðfélaginu og virðist því töluvert sambandsleysi vera hjá þessum aðilum við grasrót samfélagsins. Á fundinum spurði hann Seðlabankastjóra hvort Seðlabankinn gæti komið með yfirlýsingu um



vaxtalækkun ef náist ábyrgir kjarasamningar sem hann hafi svarað játandi svo fremi sem samningar stuðli að stöðugleika.

Umræður.

Þá sagði Ragnar Þór frá fundi með vinnuhóp um endurskoðun skattkerfisins. Það verður fróðlegt að sjá hvað komi út úr vinnu þess hóps.

VIRK er að fara af stað með forvarnarverkefni að okkar frumkvæði. Mun það nýtast okkur inni “Kulnunar-herferðina”.

Umræður.

3. Fræðslumyndbönd vegna komandi kjarasamninga

Ragnar Þór sagði að nú færi að fara af stað áróður sem væri nauðsyn að bregðast við, og því kæmi til ákveðinn “herkostnaður” við það áróðursstríð sem nú færi í hönd í kringum kjaraviðræður.

Stefán lagði fram skjalið “*Minnisblað til stjórnar – fræðslumyndbönd*” dags. 4. september 2018. Lagt er til framleiðsla 4 myndbanda og 5 teiknimynda (animation) til að nota að mestu á samfélags- og vefmiðlum. Markmiðið væri að blanda sér í það að stýra umræðunni sem verður í kringum kjarasamninga sem nú fara í hönd. Einnig að efnið sé sem mest “tímalaut” svo hægt sé að nýta það áfram eftir að samningum lýkur. Leitast verði við að auka stéttarvitund og nauðsyn samtryggingar auk einfaldra skýringa á helstu hugtökum í stétta- og kjarabaráttu. Heildarframleiðslukostnaður er áætlaður 20.6 milljónir króna og birtingarkostnaður 5 – 10 milljónir króna.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis að farið væri í þessa framleiðslu eins og hún hefur verið kynnt.

Samþykkt með öllum atkvæðum.

Undir þessum dagskrárlið afhenti Ragnar Þór, Bjarna Þór, afmælisgjöf frá félaginu í tilefni stórafmælis hans nýverið. Og var Bjarna Þór óskað innilega til hamingju með þennan áfanga.

4. Reglur um styrki frá VR

Ólafur Reimar, sem fór fyrir nefnd er tók að sér að setja VR stefnu og verklagsreglur í styrkjamálum lagði fram skjölin “*Stefna VR í styrkjamálum*” og “*Verklagsreglur við úthlutun styrkja hjá VR*”. Með Ólafi Reimari í nefndinni



voru stjórnarmennirnir Dóra og Sigurður. Ólafur Reimar sagði frá fundum og vinnu nefndarinnar en síðan fór hann yfir efni skjalanna á slæðum.

Umræður.

Í umræðum var ákveðin ein stutt breyting á framlögðum tillögum.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór þessar tillögur að stefnu í styrkjamálum og verklagsreglum við úthlutun styrkja upp til samþykktar með áorðnum breytingum.

Samþykkt samhljóða.

Ný stefna VR í styrkjamálum og nýjar verklagsreglur við úthlutun styrkja hjá VR eru því eftirfarandi:

Stefna VR í styrkjamálum

Markmið

VR sinnir samfélagslegri ábyrgð samkvæmt stefnu félagsins, enda er hlutverk stéttarféлага í eðli sínu samfélagslegt. Greiðsla styrkja er þó langt frá því að vera það atriði sem vegur þyngst í samfélagslegri ábyrgð í starfsemi VR þar sem hugsunin er sú að hafa jákvæð áhrif á samfélagið, ekki bara er varðar kjaramál, heldur líka heilsufar, umhverfi, siðferði, mannréttindi, menningu, neytendamál og velferð samfélagsins í heild.

Einn hluti samfélagslegrar ábyrgðar VR er að veita árlega styrki félagasamtökum, skráðum hjá fyrirtækjaskrá RSK, sem vinna verkefni sem skilgreina má sem atriði er falli undir að vera vegna:

- A. Líknarmála
- B. Menningarmála
- C. Fræðslumála

Þetta er í samræmi við tilgang VR eins og hann er skilgreindur í 2. gr. laga félagsins. Markmið styrkveitinga VR í ofangreindum málaflokkum er því að styðja við þá starfsemi og verkefni sem eflir félagsmenn, bætir stöðu þeirra og er lyftistöng menningarmála í landinu. Starfsemi líknarféлага má svo að mörgu leyti skilgreina sem störf og verkefni sem auðvelda fólki að hefja störf þrátt fyrir t.d. fötlun eða vegna endurkomu eftir veikindi eða slys. Það er svo óumdeilt að menntun og fræðsla er hagsmunamál allra aðila vinnumarkaðarins, félagsmanna og atvinnurekenda. Aukin menntun í atvinnulífinu eykur virkni þess og bætir lífsgæði félagsmanna.

Upphæðir



Heildarupphæð sem greidd er til styrkja skal árlega vera hluti af samþykkttri fjárhagsáætlun VR fyrir viðkomandi tímabil. Til viðmiðunar skal upphæðin vera 1% af heildarfélagsgjöldum samkvæmt ársreikningi liðins árs. Kappkosta skal að dreifa fjármagni sem úthlutað er til styrkja sem jafnast yfir árið svo áætlað fé sé ekki uppurið t.d. á miðju ári en auðvitað þarf að gera ráð fyrir að stór hluti upphæðarinnar fari út í desember vegna jólastyrkja. Stefnt skal að því að greiðslur til málaflokka séu í þessum hlutföllum: A. Líknarmál – 65% áætlaðrar styrkuppheðar B. Menningarmál – 20% áætlaðrar styrkuppheðar C. Fræðslumál – 15% áætlaðrar styrkuppheðar.

Stjórnun

Stjórn VR skipar styrkjanefnd í upphafi hvers nýs starfsárs. Nefndin fjallar um styrkumsóknir sem eru hærrí en kr. 250.þús.

Í styrkjanefnd eiga allt að sjö stjórnarmenn sæti og tveir til vara. Styrkjanefnd skiptir með sér verkum og velur sér formann á fyrsta fundi. Fagstjóri markaðsmála á Þróunarsviði VR er starfsmaður nefndarinnar.

Styrkjanefnd fundar öllu jafna á tveggja mánaða fresti.

Umsækjendur fá upplýsingar um dagsetningu næsta fundar þar sem umsókn þeirra verði tekin til umfjöllunar og verður útfyllt styrkumsókn ásamt fylgigögnum að hafa borist a.m.k. sjö dögum fyrir fund. Það skilyrði er m.a. sett svo nefndarmenn hafi svigrúm til þess að kynna sér styrkumsóknir áður en ákvörðun er tekin á fundi.

Árlega kynnir styrkjanefnd stjórn VR skýrslu sína um styrkveitingar síðasta árs.

Styrkjanefnd skal við meðferð og mat á umsóknum ávallt viðhafa góða stjórnarsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Umsóknir skulu berast VR að frumkvæði umsóknaraðila og er því ekki auglýst sérstaklega eftir umsóknum en greinargóðar upplýsingar og umsóknareyðublöð skulu jafnan vera vel sýnileg á vef VR.

Skilyrði styrkveitingar

Styrkir VR skulu ávallt vera veittir til ákveðinna verkefna s.s. átaksverkefna en ekki til þess að greiða almennan rekstrarkostnað eins og launagreiðslur, húsnæðiskostnað, opinber gjöld eða til verkefna sem stofnað er til í hagnaðarskyni fyrir umsóknaraðila.

Þær umsóknir eru einar gildar sem uppfylla þessar kröfur og sem hafa meðfylgjandi nauðsynleg fylgigögn, sé þeirra krafist. Einnig er það skilyrði styrkveitingar að ársskýrsla liðins starfsárs viðkomandi umsóknaraðila sé



aðgengileg á vef eða meðfylgjandi umsókn hafi viðkomandi haft starfsemi á undangengnu ári. Styrkjanefnd skal leitast við að styrkja fjölbreytt verkefni sem endurspeglar fjölbreytni samsetningar félagsmanna VR.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar eða endurtekna styrki.

Samþykkt af stjórn VR 12.09 2018.

Verklagsreglur við úthlutun styrkja hjá VR

Upplýsingar

Upplýsingar um hvernig megi sækja um styrk til félagsins skulu koma fram á vef VR. Þar skal getið um þær kröfur sem gerðar eru og hvernig megi senda félaginu umsókn, leiðbeiningar um eyðublað o.þ.h.

Flokkar styrkja

- A.** Styrkumsóknir að 50.000 kr. eru til afgreiðslu hjá fagstjóra markaðsmála á Þróunarsviði VR – með lokasamþykki sviðsstjóra Þróunarsviðs.
- B.** Styrkumsóknir á bilinu 50.000 kr. – 250.000 kr. eru til afgreiðslu í sk. „minni styrkjanefnd“ en í henni sitja formaður VR, sviðsstjóri Þróunarsviðs og fagstjóri markaðsmála á Þróunarsviði.
- C.** Styrkumsóknir hærrí en 250.000 kr. eru til afgreiðslu í Styrkjanefnd VR og skilyrði afgreiðslu er að umsókn falli að styrkjastefnu VR og umsókn berist á sérstöku eyðublaði, hafi nauðsynleg fylgigögn til stuðnings og að ársskýrsla umsóknaraðila sé aðgengileg hafi viðkomandi haft starfsemi á undangengnu ári.

Afgreiðsla umsókna

Umsóknir í A flokki umsókna eru afgreiddar við fyrsta hentugleika og skal umsóknaraðili jafnan fá svar um afgreiðslu innan hálf mánaðar frá því að umsókn berst.

Umsóknir í B flokki umsókna eru afgreiddar innan mánaðar frá því að umsókn berst.

Umsóknir í C flokki umsókna eru afgreiddar á næsta fundi Styrkjanefndar VR ef þær uppfylla skilyrði styrkjastefnu félagsins og hafa öll umbeðin fylgigögn sem eftir atvikum hefur verið krafist. Styrkjanefnd fundar í hádegi á miðvikudegi á tveggja mánaða fresti.

Annað

Fagstjóri markaðsmála á Þróunarsviði VR, sem er starfsmaður Styrkjanefndar VR, skal upplýsa nefndina reglulega um styrki sem veittir eru í flokki A og B. Að auki skulu þær upplýsingar vera aðgengilegar öllum stjórnarmönnum VR á innra vefsvæði Styrkjanefndar VR.

Samþykkt af stjórn VR 12.09 2018.

Í samræmi við þessa samþykkt bauð nú Ragnar Þór áhugasömum stjórnarmönnum að gefa kost á sér til sætis í nýstofnaðri Styrkjanefnd VR. Eftirfarandi stjórnarmenn buðu sig fram:

Arnþór Sigurðsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigurður Sigfússon

Þakkaði Ragnar Þór þeim fyrir áhugann og tók fram að það færi vel á því að þarna væri jöfn kynjaskipting en hann bar svo upp til samþykktar að þessi ofangreindu skipuðu Styrkjanefnd VR út starfsárið.

Samþykkt með öllum atkvæðum.

Stjórnin skiptir svo með sér verkum á fyrsta fundi nefndarinnar.

5. Stytting vinnuvikunnar

Stefán tók til máls og lagði fram skjalið *“Minnisblað - stytting vinnutíma á skrifstofu VR”* dags. 7. september 2018 og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom fram að til skoðunar hafi verið að stytta vinnuvikuna hjá starfsmönnum VR um 30 mínútur á dag og sé stungið uppá því að það verði gert í tólf mánaða tilraunaverkefni sem hæfist í nóvember nk. Að því loknu yrði staðan skoðuð og ákvörðun um næstu skref tekin. Ætlunin sé að nota þetta verkefni m.a. til að sýna fram á að hægt sé að stytta vinnuvikuna án þess að það leiði til aukins kostnaðar eða fjölgunar starfsmanna.

Áður en lagt verður af stað í verkefnið yrði aflað upplýsinga um viðhorf og líðan starfsmanna, álag og starfsánægju sem og framleiðni starfa. Þá yrði einnig aflað upplýsinga um viðhorf félagsmanna. Sömu upplýsinga yrði svo aflað eftir að verkefninu lyki og niðurstöður bornar saman.

Umræður.

Ragnar Þór bar nú upp til samþykktar að farið verði í þetta tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar á skrifstofu VR.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Fjárfestingastefna VR

Stefán tók til máls og lagði fram skjalið *“Fjárfestingastefna VR 2017”*. Sagði hann tilefnið vera þá skyldu að taka þurfi stefnuna upp einu sinni á ári en að í þetta sinn séu ekki lagðar til neinar breytingar. Sagði hann stefnuna vera varfærna og leggur hann til að hún verði samþykkt óbreytt.

Umræður.

Ragnar Þór bar nú upp til samþykktar að fjárfestingarstefnan væri óbreytt.

Samþykkt með 12 atkvæðum gegn einu mótaskvæði Arnþórs sem óskaði eftir að fá að skýra atkvæði sitt með eftirfarandi bókun:

“Að mínu mati er óeðlilegt að verkalýðsfélag sé með fjármuni félagsmanna í verðbréfum og hlutabréfum fyrirtækja eða viðsemjenda sinna.”

7. Árshlutareikningur VR janúar til júní 2018

Stefán lagði fram skjölin *“Árshlutareikningur VR jan-júní 2018”*, *“Lykiltölur VR jan – jún 2018”* og *“Árshlutareikningur VR janúar til júní 2018 – sundurliðanir á sjóði”* og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Fyrst fór Stefán yfir helstu lykiltölur á tímabilinu og kom m.a. fram að fjölgun félagsmanna hefur verið 3,2% og eru félagsmenn VR nú orðnir 35.612 talsins. Afgreiðslum hefur fjölgað um 11,1% en á móti hefur símtölum fækkað um 1,9%. Gríðarleg aukning er í heimsóknum á vefsíðu okkar vr.is en þar er fjölgun uppá 32,7% og á tímabilinu heimsóttu 20.300 félagsmenn Mínar síður sem er fjölgun uppá 12,7%.

Málum er að fjölga á kjarasviði um 22,7% og einnig er fjölgun í öllum styrkjagreiðslum.

Þá fór Stefán yfir rekstrarreikning VR raun vs. áætlun janúar – júní 2018 og kom fram að rekstrartekjur eru á tímabilinu rúmir 2 milljarðar króna og rekstrargjöld 2.1 milljarður króna en hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 129 milljónir króna.

Það sem er áhyggjuefni er stöðug aukning í útgreiðslum sjúkradagpeninga en þær greiðslur eru 21,1% yfir áætlun. Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs er þessa daga að skoða stöðuna og möguleg viðbrögð.

Umræður.

Hér óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna til að framlengja fundi til

kl. 21:00

Samþykkt.

8. ASÍ þing

Ragnar Þór sagði stuttlega frá kynningarfundum á vegum ASÍ sem haldinn var síðasta mánudag til undirbúnings komandi ASÍ þingi í október nk. Þetta var umræðufundur en segja má að kynningarferli hans hafi verið í nokkru ólagi og því hafi margir fengið mjög skamman fyrirvara um fundinn.

Þá höfum við verið í óþægilegri biðstöðu með að senda út auglýsingu Kjörstjórnar VR um allsherjaratkvæðagreiðslu um listakosningu við val þingfulltrúa félagsins því ekki lágu fyrir tölur um fulltrúafjölda okkar og þegar þær svo komu reyndist talan röng en vonandi er rétt tala nú staðfest en samkvæmt nýjustu upplýsingum eigum við 87 fulltrúa af þeim 100 fulltrúum sem LÍV er útlutað á þingið. Er það fjölgun um 3 fulltrúa frá síðasta þingi.

Gengið verður frá framboðslista stjórnar og trúnaðarráðs á fundi 30. september þar sem stjórn mun fyrst koma saman kl. 18 og samþykkja listann fyrir sitt leyti og síðan verður hann þannig lagður fram til samþykktar trúnaðarráðs á fundi kl. 18:30.

Fundi var slitið kl. 21:00

Árni Leósson, fundarritari